



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 3 – 5

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2008

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði, 59. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að tillagan verði samþykkt. Hagvöxtur á norðvesturhluta landsins hefur verið minni en í öðrum landshlutum og virkjun jökulsárna í Skagafirði getur orðið mikilvægur þáttur í því að efla byggð á svæðinu, tryggja uppbyggingu öflugs og arðbærs atvinnurekstrar sem greiðir góð laun og byggður er upp til langrar framtíðar. Auk þess fylgir slíkri uppbyggingu margs konar annar atvinnurekstur og þjónusta sem tryggir undirstöður byggðar, öflugs mannlífs og aukinna lífsgæða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að landbúnaður og ferðaþjónusta skuli njóta sérstakrar undanþágu friðlýsingar þeirrar sem um er fjallað. Sú reynsla sem fengist hefur af virkjunum hingað til bendir þó eindregið til þær geti leitt til aukins ferðamannastraums og engin ástæða til að ætla að annað muni gerast í Skagafirði.

Á það er bent að áður en kemur til virkjana og atvinnurekstrar tengdum þeim mun hafa farið fram umhverfismat þeirra framkvæmda. Mikilvægt er að Alþingi íhugi hvort ekki sé rétt að um friðlýsingar gildi svipaðar reglur þ.e. að metin séu áhrif friðlýsinga á efnahag, félagslega þætti og umhverfi. Einnig er bent á að það er viðkomandi sveitarstjórna að veita leyfi fyrir einstökum framkvæmdum og óeðlilegt að Alþingi taki fram fyrir hendur heimamanna með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri